

Skólaslit 2011.

Ræða skólameistara.

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar **Til fánans** við lag Björgvins Guðmundssonar.

Undirleikari er Aðalbjörg Bragadóttir, kennari við skólann.

Einnig vil ég að með því minnumst við Kristins Kristmundssonar fyrrverandi skólameistara en hann lést 15. september s.l. haust, þá nýorðinn 73 ára. Kristinn var skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni frá hausti 1970 til hausts 2002, síðasta árið í námsleyfi. Ævisaga Kristins heitins er samofin sögu skólans og við eigum honum svo margt að þakka. Blessuð sé minning hans. Syngjum, syngjum skólasönginn okkar af gleði.

Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi stúdentar, fjölskyldur þeirra, starfsmenn, júbílantar og aðrir gestir.

Átaksverkefni af ýmsu tagi er orðinn veigamikill þáttur í starfsemi menntaskólans. ML hefur verið svonefndur „Skóli á grænni grein” frá árinu 2007 en í því er það fólgið að vinna að sjálfbærni í hvívetna í

starfsemi skólans og efla sjálfbæra hugsun og sjálfbærni í verki hjá nemendum og starfsmönnum. Landvernd stýrir verkefninu, en fjöldi skóla á öllum skólastigum eru og hafa verið Skóli á grænni grein. Þegar metið er sem svo að skóli sé kominn vel á veg í sinni vinnu hvað sjálfbærni varðar fær hann afhendan Grænfánann. Það er gleðiefni að tilkynna að ML hefur hlotið þá viðurkenningu og mun flagga Grænfánanum næsta haust, en þá fer afhending hans fram með formlegum hætti. Annað verkefni er komið af stað en það er verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli. Það er til fimm ára hvar fyrsta árið er undirbúningsár, sem hefur verið í vetur, og hin síðari hvert fyrir sig með þemun, Næring, Geðrækt, Hreyfing, Lífsstíll. Við hefjum verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli með formlegum hætti við hátíðlega athöfn 9. september í haust hvar m.a. táknrænn fáni þess verður dreginn að húni. Lýðheilsustofnun leiðir starfið en flestir framhaldsskólar landsins eru skráðir til leiks.

1997 gengu í gildi lög um hækkun lögræðisaldurs ungmenna. Í dag eru unglingar skilgreindir í nafni laganna ólögráða börn til 18 ára aldurs en áður var það 16 ára aldur. Það hefur tekið tímann sinn fyrir þjóðfélagið og stofnanir þess að aðlagast þessari breytingu og má segja að hún hafi ekki verið komin, ja „af fullum þunga“ fyrr en fyrir nokkrum árum. Ný lög um framhaldsskóla voru samþykkt á alþingi árið 2008 og þar er m.a. kveðið á um stofnun foreldraráðs í framhaldsskólum sem hefur það hlutverk að – tilvitnun hefst „ ... styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við

skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann”
- svo ég vitni í lögin. Góður tími er framhaldsskólum gefinn til að innleiða hina ýmsu þætti nýrra framhaldsskólalaga og var Foreldrafélag ML – FML stofnað nýverið. Stjórn þess er nefnt Foreldraráð, ráðgefandi aðili í stjórnun og rekstri skólans. Er þetta mikið ánægjuefni og var það einvala lið mæðra (uhum) sem valdist í ráðið á stofnfundinum.

Framhaldsskólar skulu vera búnir að innleiða lögin að fullu haustið 2015. Í ML leiðir þá vinnu stýrihópur kennara og stjórnenda sem unnið hefur að verkefninu síðustu rúma tvo vetur. Stýrihópurinn var settur á laggirnar eftir að haldinn hafði verið fjölmennur fundur á svonefndum stefnumótunardegi í janúar 2009 hvar fulltrúar nemenda, foreldra og fulltrúar fyrrum nemenda hans voru, svo og allir kennarar og skólanefndin. Mikil dýnamík og kraftur hefur verið í vinnu stýrihópsins á hálfsmánaðarlegum fundum hans þó á stundum manni finnist hópurinn fara út og suður í umræðunni og svo í hringi í vinnu sinni. En það er eðli stefnumótunarvinnu, hún er ferill sem endar alltaf einhvernvegin. Hægt hefur aðeins á vinnunni á liðinni vorönn en þráðurinn verður tekinn upp að nýju í haust og þá með aukinni þátttöku fleiri sem hafa þurfa um málið að segja.

Það ER markmið okkar að ML verði áfram bekkjakerfisskóli. Góðar kröfur verða áfram gerðar í námi sem munu miðast að því fyrst og fremst að undirbúa nemendur sem best námslega og félagslega undir

hverskonar framhaldsnám. Hugmyndafræðin, á þessari stundu, er að vera með fyrirfram skipulagt nám að mestu, eins og verið hefur hingað til öll námsárin fjögur, en nú á fyrstu tveimur námsárunum en eftir það ykist möguleiki nemenda sérhverja önn síðari árin tvö til að velja sér áfanga eftir áhugasviði þó alltaf verði meirihluti námsins fastur kjarni, en þó minni en á fyrri árum. Gæta þarf að því að allir nemendur taki ákveðið lágmark í kjarnagreinunum íslensku og ensku og svo í raunvísindagreinum og stærðfræði á náttúrufræðabraut annars vegar og í félagsvísindum á félagsvísindabraut hinsvegar, en málabraut er ekki lengur í boði í skólanum, því miður. Er þetta næstsíðasti málabrautabekkurinn sem útskrifaður er nú frá skólanum. Kannski að sinni? Við erum komin langt í ferlinu en mörgu er þó ólokið. Breytingar eru til þess að gera gott betra, við erum framsækin en á vissan hátt íhaldssöm ... það er einn af okkar styrkleikum.

Það hefur verið hefð hjá mér á útskrift að tíunda lauslega í ræðu minni endurbætur og framkvæmdir þær sem unnar hafa verið á húsnæði skólans líðandi skólaár. Að byggja upp og bæta eru verkefni sem eru mér mjög hugleikin og ánægjuleg. Á þeim vettvangi hefur skólinn notið mikils velvilja og skilnings stjórnvalda og starfsmanna ráðuneyta og ber að þakka það. Eins og ekki síður má nefna hér tvo einstaklinga sem sannarlega eru betri en engir þegar kemur að framkvæmdum en það eru þeir Þráinn Þorvaldsson, eftirlitsmaður hjá menntamálaráðuneytinu, og Tómas Tryggvason, trésmíðameistari með sitt einvalalið, en fyrirtæki hans hér á Laugarvatni, TT-trésmíði, hefur

komið að með einum eða öðrum hætti miklum hluta þeirra endurbóta og framkvæmda sem unnar hafa verið á húsnæði skólans síðustu áratuginna. Svo það helsta, sem unnið hefur verið að síðasta árið, sé nefnt þá er lokið við endurnýjun á innréttingum á Kös en eftir er að taka anddyri þess í gegn. Endurnýjun á salernum á neðstu hæð skólahússins lauk fyrir nokkrum dögum og lyfta fyrir hreyfihamlaða, sem nýtast mun einnig sem vörulyfta (en Pálmi umsjónarmaður er farinn að eldast), er komin upp. Lyftan kemst milli hæða þó hægt fari og sinnir þar með hlutverki sínu með sóma. Framundan eru mörg verkefni og verður það tíundað að ári.

Ég gæti talað hér lengi um hús gamla Héraðsskólans enda hef ég oft í fyrri skólaslitaræðum komið inn á það mál. Ekki mun ég gera það nú nema á þann veg að þakka öllum þeim, sem að hafa komið, það hvað húsið er glæsilegt í dag. Því hefur verið bjargað, það er friðað að ytra útliti, glæsilegt hús, merkisberi staðarins. Hvaða hlutverk svo sem það fær í framtíðinni er mikilvægt að það hlutverk hæfi staðsetningu hússins, byggingarstíl þess og sögu - eins og ég hef oft sagt áður í ræðum mínum. Helst af öllu óska ég þess að það verði fjölþætt starfsemi og að hún hafi margfeldisáhrif á nær- og fjarsamfélag í sem víðustum skilningi. Ekki meir um það – í bili.

Það sem gerir skóla að góðum skóla er starfsfólk hans. Þar stöndum við aldeilis vel í Menntaskólanum að Laugarvatni. Við starfsmenn munum gæta þess að halda í þau góðu gildi sem Menntaskólinn að

Laugarvatni stendur fyrir og eru greypt í merki hans: Manngildi, Þekking, Atorka. Það er markmið okkar að skólinn haldi fast í sína sérstöðu sem öflugur heimavistarskóli með bekkjarkerfi á hentugum stað í sveit. Skóli með hátt þjónustustig, góðan mat og vel þvegin föt – samanbrotin, - skóli með gott utanumhald, með skýrar reglur sem fylgt er eftir, öflugur starfsmenn, frábæra kennslu, afburða aðbúnað, ríkar og þroskandi hefðir, mikla sögu. Við þekkjum það öll hér ML-ingar / Laugvetningar hvað skólinn er einstakur. Það er lífsstíll að vera ML-ingur.

Ég mun ávarpa nýstúdentana sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2010-2011, aðstoðarskólameistari vor, Páll M. Skúlason.